

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/367*  
*komudagur 25.11.2013*



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

**Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013  
*Mál nr. 1311004*

**Efni: Umsögn, flutningur Landhelgisgæslunnar, 37. mál.**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, þskj. 37 - mál nr. 37.

Samtökin hafa skorað á stjórnvöld, með samtökum sjómanna að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar þannig að hún fái sinnt því eftirlits- og öryggishlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði og hún gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslenska sjómenn. Upp geta komið tilvik eða aðstæður, þar sem tími til björgunar er svo naumur að þyrfa er eina tækið sem sjómenn geta treyst á. Í þessu samhengi er aftur á móti mikilvægt að minna á að veikja ekki það mikilvæga starf sem unnið er á vegum Samhæfingarmiðstöðvar almannavarna og Stjórnstöð leitar og björgunar í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Verði flutningurinn til þess að treysta og styrkja starfsemi Landhelgisgæslunnar og þá sérstaklega þyrilusveit hennar þá gerum við ekki athugasemdir við staðsetningu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.